

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR



Fréttablað

MARS 2004 • 2. TÖLUBLAÐ • 9. ÁRGANGUR



Bls. 3



Flóknir samningar

Bls. 10



Starfsmenn unnu málið

Bls. 20



Stjórnvöld blessa lögbrotin



4 frábærir kjúklingaréttir á aðeins

10-15 mín.





Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sættúni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Elva Tryggvadóttir
Fjöla Jónsdóttir
Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Ólafsdóttir
Harpa Ólafsdóttir
Hjálmfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Stefanía Guðmundsdóttir
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elín Baldursdóttir
Hallsteinn Friðbjófnsson
Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Starfsafi

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír,
auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Karl Ó. Karlsson lögfræðingur og
fyrirverandi starfsmenn Korpukots

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sættúni 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern
fimmtug. Atvinnuleysisbætur eru greidd-
ar inn á bankareikning viðkomandi.
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsími: 510 7511



Sigurður Bessason

Flóknir og tíma- frekir samningar

Þær kjarasamningaviðræður sem staðið hafa yfir á almennum markaði á undanförunum mánuðum hafa verið tímafrekari og flóknari en oft áður. Hinn almenni félagsmaður í Eflingu-stéttarfélagi sem fylgist með atburðarásinni í gegnum fjölmiðla, hlýtur að furða sig á því hve langan tíma það tekur að ná niðurstöðu í kjaraviðræðunum. Undirbúningur kjarasamninganna hefur staðið allt frá haustdögum og viðræður við Samtök atvinnulífsins hafa staðið meira og minna samfelld frá því í desember eða um nær þriggja mánaða skeið. Að þessu verki hafa komið fjöldi trúnaðarmanna og samningamanna félaganna.

Skýringin er að sumu leyti mun flóknari ferill þar sem máta þarf alla helstu sérkjarasamninga við nýtt launakerfi sem tekið verður upp milli aðila áður en hægt er að ræða og leita niðurstaðna í helstu aðalkröfum félaganna.

Ljóst er að starf við kjarasamninga er faglegra og vandaðra en áður, þar sem aðilar skilgreina markmið sín og sjónarmið áður en gengið er til viðræðna. Það er því ekki ásættanlegt að það skuli taka marga mánuði frá því viðræður hefjast þar til niðurstöður kjarasamninga liggja fyrir.

Það er sanngirniskrafa að Samtök atvinnulífsins vinni markvissar við samningsgerðina því meðan ekki nást kjarasamningar, tapar launafólk því meira sem samningar dragast.

Að bjóða ekki hinn vangann

Í Fréttablaði Eflingar að þessu sinni er greint frá fyrirvaralausum uppsögnum á Korpukoti, einkareknum leikskóla í Reykjavík. Þar var fimm starfsmönnum sagt tilefnislítið upp störfum þegar stjórnendum leikskólans mislíkaði við starfsmenn vegna þess að þeir gerðu réttmætar athugasemdir við stjórnunarhætti leikskólans.

Þetta mál er dæmigert að mörgu leyti fyrir stöðu launafólks á Íslandi gagnvart uppsögnum af hálfu atvinnurekenda. Almenn getur atvinnurekandi sagt upp launafólki sínu án þess að hafa áhyggjur af viðbrögðum starfsmanna. Þar nægir geðþóttinn einn ef því er að skipta.

Í máli Korpukots gerðu starfsmenn það eina rétta. Þeir tók málið strax upp við Eflingu sem þegar í stað leitaði réttar starfsmanna og fór með málið í dómstól til að láta reyna á rétt starfsmannanna.

Það er oft auðveldara að beygja sig undan ofbeldinu en taka á móti, sérstaklega þegar leikurinn er ójafn. Fyrirverandi starfsmenn Korpukots ákváðu að taka slaginn. Það ber vott um hugrekki. Þeir eiga hrós skilið fyrir það.

Sigurður Bessason
formaður

EFNISYFIRLIT

Hvað segja þau um samningana	4	Ný störf	23
Ganga hægt en þokast	8	Leonardo	24
Starfsmenn unnu málið	10	Snögg handtök	25
Gríðarleg áhrif	12	Námsráðgjöf	26
Stjórnarmenn	14	Grunnmennt	27
Námskeiðin okkar	16	Lærðu heima	28
Landnemar	17	Á barmi stækkunar	30
Heimsókn í sorpið	18	Framtíðin er ekki björt	32
Stjórnvöld blessa lögbrotin	20	Landspítalinn	34
Meðferð gegn reykingum	22	Framúrskarandi áxóxtun	38

Kjarasamningar í deigluinni



Sigurður Bessason með Jóni Karli Sigurðssyni, Ingigerði Þórðardóttur og Einari B. Sigurðssyni

Kjarasamningar Eflingar-stéttarfélags á almennum markaði hafa verið í undir-

búningi undanfarna mánuði. Samningar voru lausir um áramót en félög Flóa-

bandalagsins lögðu þegar á haustdögum fram kröfur sínar í í aðal- og sérkjarasamningum. Á síðustu dögum hafa samningamenn Eflingar og Flóabandalagsins tekist á um kjör í fjölmörgum sérkjarasamningum félaganna. Þar er við mörg erfið mál að etja og miklar eignarhalds- og skipulagsbreytingar orðið í fyrirtækjunum frá kjarasamningnum 2000. Auk kjarasamninganna á almenna markaðnum er unnið að fullum krafti að kjarasamningi við ríkið og einnig er í undirbúningi samningur við sveitarfélögin í nágrenni Reykjavíkur.

Fréttablað Eflingar tók nokkur viðtöl við trúnaðarmenn félagsins í Karphúsinu á dögnum og spurði þá um gang viðræðna og hvernig það væri að taka þátt í kjarasamningsviðræðum árið 2004.

Hvað segja þau um kjarasamningana?



Ágúst Þorláksson

Ekki fengið markvissa umræðu um sjónarmið okkar

- segir Ágúst Þorláksson

Ágúst Þorláksson, tækjamaður hjá Eimskip var ekki nógu sáttur við undirtektir við kröfum sem lagðar voru fram á fundi samningsaðila í janúar. Ég kom frekar seint inni undirbúninginn en við fórum yfir kjarasamninginn eins og hann leit út eftir síðustu samninga og gerðum kröfur út frá honum og bættum

við nokkrum nýjum.

Af helstu kröfum okkar get ég nefnt breytingar á kostnaði starfsmanna við öryggisbúnað og vinnufatnað, hækkanir á starfsstöðvarálagi og breytingu á yfirvinnu og vaktaskiptagjaldi. Síðan erum við með kröfu um að fá að borða í mötuneytinu í aukavinnu og ýmislegt fleira.

Því miður höfum við ekki fengið markvissa umræðu um sjónarmið okkar

þar sem fulltrúar Eimskips lögðu fram ýmis nýmæli í þessum sérkjarasamningi sem mundi kollvarpa vaktakerfinu sem tækjamenn hafa unnið eftir síðastliðin 20 ár ef þau yrðu að veruleika.

Við höfum rætt þessi mál og önnur hjá sáttasemjara að undanförunu en vonandi fer því að ljúka þannig að okkar kröfur komist uppá borðið, sagði Ágúst að lokum.

Vona að jafnaðarkaup heyri sögunni til

- segir Hjördís Baldursdóttir

Hjördís Baldursdóttir tekur þátt í gerð nýs kjarasamnings fyrir félagsmenn Eflingar sem vinna á hótélum og veitingahúsum. Hún segir að fyrstu afskipti sín af samningsgerð hafi verið árið 1986 og þá hafi lítið undirbúningur oft tafið fyrir kjarasamningsviðræðum. Nú eru þetta skipulagðar viðræður eftir viðræðuáætlun samningsaðila og allt annað, þó enn sé tekist á um sömu hlutina.

Vinna við samningsgerðina hófst af alvöru eftir áramót. En áður hafðivinnuhópur mótað sérkröfur og kynnti þær svo fyrir samningsaðilum okkar. Fyrstu



Hjördís Baldursdóttir

Framhald á næstu opnu



Evald Hansen er einn af þeim fjölmörgu þjónustufulltrúum sem þú getur komið og hitt til skrafs og ráðagerða í útibúum SPRON viðs vegar á höfuðborgarsvæðinu.

Ekki taka lán

án þess að fá ráðgjöf hjá okkur

**Nýjung
á Íslandi!**

Lánatrygging fylgir öllum veðlánum SPRON, lántökum að kostnaðarlausu.**

Lánatrygging er líftrygging sem greiðir höfuðstól lánsins komi til andláts lántaka á lánstíma.**

Hjá SPRON er þjónusta við einstaklinga í fyrirrúmi og þar eru lánin sniðin að þörfum hvers viðskiptavinar. Komdu og kynntu þér möguleikana – við munum þjóna þér af kostgæfni með hagsmuni þína að leiðarljósi.

Langtímalán

Í boði eru langtímalán gegn veði í íbúðarhúsnæði með allt að 80% veðhlutfalli.* Innan þess ramma getur þú verið um mismunandi samsetningu að ræða. Þess vegna er mikilvægt að vega og meta möguleikana og finna þannig út hvaða lánaleið er hagstæðust fyrir þig.

Í boði er:

- Lán í íslenskum krónum
 - Val um fasta eða breytilega vexti
 - Lækkaðir vextir. Vextir nú frá 5,95% (febr. 2004)
 - Lán með lítilli eða engri afborgun höfuðstóls í umsaminn tíma
 - Langur lánstími
- Lán í erlendri mynt
 - Ýmsir möguleikar

Komdu í SPRON og ráðfærðu þig við þjónustufulltrúa okkar. Saman veljið þið svo rétta lánið.

* Útlán eru háð útlánareglum SPRON

** Sjá nánar skilmála Alþjóða líftryggingarfélagsins og lánareglur SPRON.



viðbrögð lofuðu ekki góðu.

En síðan hafa verið haldnir nokkrir fundir og ég er orðin nokkuð bjartsýn á að við náum fram meginkröfum okkar

þannig að launataxtar hækki verulega og hið svokallaða jafnaðarkaup sem víða viðgengst verði úr sögunni. Ég er viss um að ef það tekst muni samskipti aðila

í þessari atvinnugrein breytast mikið til batnaðar, sagði Hjördís að lokum.

Ánægð með undirbúninginn

- segir Hólmfríður Lovísudóttir

Hólmfríður Lovísudóttir vinnur hjá Skeljungi og er annar af tveim trúnaðarmönnum Eflingar hjá fyrirtækinu. Hún tekur þátt í kjarasamningum fyrir starfsmenn á bensínstöðvum í fyrsta skipti og segir að það sé búið að vera mjög lærdómsríkt.

Vinnan hófst í október þegar bensínhópurinn hittist og fór yfir eldri samninga til að athuga hvað mæti bæta í þeim. Síðan voru haldnir margir fundir m.a. með Flóabandalaginu, þar sem útfærslur á breytingunum og ýmsar nýjar hugmyndir voru ræddar.

Útkoman var svo kröfugerð sem við lögðum fyrir viðsemjendur okkar í janúar og erum að ræða núna hjá Ríkissáttasemjara. Öryggismálin eru mjög ofarlega í huga mér og líka staða starfsmanna á bensínstöðvum sem selja matvæli. Þá eru fræðslumálin ofarlega á lista, aukin lífeyrisréttindi. En að sjálf-sögðu skiptir mestu máli að bæta launakjör okkar og fá fleiri krónur í launumslagið.

Ég er mjög ánægð með hvernig Efling hefur staðið að því að undirbúa okkur sem tökum þátt í þessu starfi. Og þó að viðræðurnar gangi frekar hægt, sem kannski er eðlilegt, þá er ég viss um að við eigum eftir að ná sæmilegri lendingu þegar yfir lýkur, sagði Hólmfríður og brosti.



Hólmfríður Lovísudóttir



Jónas Páll Marinósson

Hæfilega bjartsýnn

- segir Jónas Páll Marinósson

Jónas Páll Marinósson, öryggisvörður hjá Securitas var kosinn trúnaðarmaður á síðasta ári og segir að það fylgi starfinu að taka þátt í undirbúningi kjarasamninga og samningaviðræðum. Þetta er eðlilegur þáttur af starfinu, segir hann.

Við komum saman síðast í nóvember og á næstu vikum unnum við að kröfugerð en uppákoma alþingismanna vegna lífeyrisfrumvarpsins tafði okkur. Svo

kom jólafrí þannig að sérkjaraviðræður hófust ekki af fullri alvöru fyrr en í janúar og núna hafa verið haldnir nokkrir fundir en mér finnst þeim tíma hafa verið illa varið af hálfu fulltrúa atvinnulífsins.

Aftur á móti er ég mjög sáttur við vinnubrögðin hans Þóris Guðjónssonar hjá Eflingu sem hefur leitt vinnuna í okkar hópi. Það er mjög gaman að sjá hvað hann er ákveðinn og harður fyrir okkar hönd þegar á þarf að halda. Hann er sannarlega í essinu sínu í baráttu fyr-

ir góðum málstað.

Það er mikilvægt að trúnaðarmennirnir seðu virkir á fundum og ég tek þátt í umræðum og kem mínum skoðunum á framfæri, enda eru fundirnir góður vettvangur til að fá einhverjar lagfæringar á kjörum vinnufélaga minna. Annars finnst mér mikilvægt að við fáum raunverulegan verkfallsrétt, og svo er ég hæfilega bjartsýnn að einhverjar af sérkröfum okkar verðu samþykktar, sagði Jónas að lokum.



Karl Ó. Karlsson



Lára V. Júlíusdóttir



Atli Gíslason

Efling-stéttarfélag

Viðtalstímar lögmanna

Minnt er á viðtalstíma lögfræðinga félagsins. Lögfræðingar frá Lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar, þ.e. Atli Gíslason eða Karl Ó. Karlsson eru til viðtals á skrifstofum Eflingar á hverjum þriðju-

degi frá kl. 13.00 - 16.00. Lára V. Júlíusdóttir er til viðtals fyrir félagsmenn annan hvern miðvikudag frá kl. 14.00 - 16.00.



Dómar

„Sýning Borgarleikhússins á Sporvagninum Girnd er ekki aðeins athyglisverð og áhrifamikil ... hún er einfaldlega með því besta sem ég hef lengi séð á leiksviði ... og hana nú.“

Þórey Friðbjörnsdóttir, Kistan.is

„...fjári góð sýning, áhrifamikil og æðisleg, hamslaus í tilfinningum og djúp í sorg... Stefáni Jónssyni og liði hans er þakkað fyrir djarfmannlega og sanna leiksýningu.

Sviðsetning þeirra nær því máli að teljast listrænn viðburður sem er orðið ærið sjaldgæft á þessum tímum samhæðrar meðalmennsku. Sjáiði til.“

Páll Baldvin Baldvinsson í DV



LÉTTBJÓR

Björn Ingi Hilmarsson
Harpa Arnardóttir
Katrín Margrét Þorgeirsdóttir
Pétur Einarsson
Sigrún Edda Björnsdóttir
Þór Tulinius

Sporvagninn Girnd

eftir Tennessee Williams Leikstjóri: Stefán Jónsson

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is



Spjallað um samningamálin hjá sáttasemjara

Samningar Flóans við SA

Flóknir sérkjarasamningar

Frá áramótum hefur meginþungi í kjarasamningaviðræðum Flóans (Eflingar stéttarfélags, Hlífar í Hafnarfirði og VSFK í Keflavík) og Samtaka atvinnulífsins legið í sérkjarasamningum. Búið er að ganga frá mörgum þessum samningum en þeir hafa verið flóknari en oftast áður, því samhliða sérkröfum í ýmsum þeirra er verið að máta alla helstu sérkjarasamninga við nýtt launakerfi sem tekið verður upp milli aðila. Þessi vinna er tímafrek ekki síst þar sem samhliða nýju launakerfi eru teknar upp og undirbúnar ýmsar breytingar á vinnufyrirkomulagi í nokkrum fyrirtekjum.

Viðræður er snúa að aðalkröfum kjarasamninganna svo sem launaliður, lífeyrismál, og starfsmenntun eru komnar á fullt skrið. Aðilar samninganna hafa gengið út frá fjögurra ára

samningstíma, þannig að um mitt samningstímabil verði samningsforsend-

ur til skoðunar að nýju en launabáttur sérkjarasamninganna miðast einnig við þetta fyrirkomulag og skiptist þannig í tvo áfanga.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við sérkjarasamninga megi nema ákveðnu hlutfalli, þar sem hagræðing kemur á móti í mörgum tilvikum. Almennar launahækkanir koma síðan til viðbótar.

Stéttarfélög Flóans eru með svipaðar kröfur í almennum launahækkunum og Starfsgreinasamband Íslands og verður tekist á um þennan þátt samninganna á næstu dögum.

Fyrstu viðræður hafa átt sér stað við ríkisvaldið um þætti sem snúa að stjórnvöldum. Þar ber hæst kröfuna um jöfnun lífeyrisréttinda, sem stjórnvöld gáfu fyrirheit um að lagfæra við síðustu kjarasamninga árið 2000 en hafa ekki staðið við þrátt fyrir ítrekaðar kröfur allt samningstímabilið. Einnig eru kröfur sem snerta almannatryggingar og sjúkdölinga, atvinnulausa og velferðarkerfið.

Kjarasamningar við ríkið

Ganga hægt en þokast

Samningavinna vegna ríkisstarfsmanna sem nú fer fram undir stjórn sáttasemjara ganga hægt en þó má segja að þeir þokist áfram á hverjum degi. Mikilvægustu þættir samninganna þ.e. launabáttur samninganna er ennþá ófrágenginn en það verkefni liggur fyrir næstu daga.

Síðustu daga hefur verið fjallað um marga þætti samninganna s.s. um starfsmenntun, uppsagnarfrest og um gerð stofnanasamninga.

Launainnröðun og jöfnun lífeyrisréttinda eru enn eftir en líklegt er að þeir verði ræddir samhliða launabáttum Flóasamninganna eða í kjölfar þeirra. Verulega hefur miðað við gerð samningstexta um grundvallaratriði samningsins þó nokkrir kaflar séu enn í vinnslu.

Stefnt er að áframhaldandi vinnu við samninginn í þessari og næstu viku og vonandi fer þá að sjá fyrir endan á ferlinum.

Starfsmatinu seinkar starfsmenn fá bætur

Reykjavíkurborg varð að bregðast við því.


Þegar ljóst var að starfs- og hæfnismat hjá Reykjavíkurborg yrði ekki tilbúið í árslok 2003 sendu stéttarfélögin sem að því standa borgarstjóra bréf þar sem krafist var skýringa og að starfsmönnum yrði bætt töfin, auk þess sem lögð var á það áhersla að hluti hæfnismatsins kæmi til framkvæmda nú þegar.

Nokkrir fundir voru haldnir með borgarstjóra þar sem málin voru rædd en síðan var þeim vísað til samninganefndar Reykjavíkurborgar.

Í kjölfar þess hófust fundahöld með stéttarfélagunum um hvernig hægt væri að tryggja sátt um lokavinnu um starfsmatið og jafnframt að tryggja starfs-

mönnum hjá Reykjavíkurborg einhverja umbun vegna þessarar miklu seinkunnar sem orðin er og enn er ekki lokið.

Niðurstaðan varð að tryggja starfsmönnum 3% launaleiðréttingu frá 1. september s.l. til áramóta vegna tafanna sem orðið hafa og að tengingin við hæfnislaun samk. gr. 1.3.3.1.1 skuli framkvæmd frá 1. mars 2004 og er afturvirkta frá des. 2002. Þá var bókað að starfsmati skyldi lokið í október á þessu ári og skyldi vera afturvirkta. Það er mat félagsins að starfsmatsvinnan sé mun viðameiri og tímafrekari en nokkurn grunaði og verður því að vera sátt um að vinna verði vel til loka frekar, en að innleiða það hálf unnið.



TVÖÖFALT ÁHYGGJULEYSI

Útgjaldatrygging er nýjung í greiðsluþjónustu á Íslandi.

Viðskiptavinir geta nú keypt váttryggingu fyrir mánaðarlegum útgjöldum sem tekur við og greiðir reikningana í allt að 12 mánuði ef sjúkdóm eða slys ber að höndum.

Útgjaldadreifing – fyrsta árið frítt

Með útgjaldadreifingu getur þú dreift föstum útgjöldum jafnt á alla mánuði ársins. Upphæðin, 1/12 af heildarútgjöldunum, er milli-
færð af launareikningi þínum mánaðarlega og lögð inn á útgjalda-
reikning. Bankinn sér um að greiða reikningana á réttum tíma.

Greiðsluþjónusta

Sparar tíma, peninga og fyrirhöfn. Bankinn sér um að greiða reikningana, þú ert laus við gluggapóst og dráttarvexti.

Aukin þægindi og öryggi fyrir þig því nú bjóðum við útgjaldatryggingu til viðbótar greiðsludreifingu útgjalda.

Uppsagnir á Korpukoti

Starfsmenn *unnu málið*

Niðurstaða í samræmi við mat okkar - segir Karl Ó. Karlsson, lögmaður Eflingar

Þann 17. febrúar sl. kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóma í málum fimm fyrrverandi starfsmanna leikskólans Korpukots, sem sagt var fyrirvaralaust upp starfi í janúarmánuði 2003. Málavextir eru þeir að starfsmönnunum var öllum sagt fyrirvaralaust upp starfi í kjölfar þess að þeir héldu stuttan fund utan leikskólans um erfiðleika sem komið höfðu upp í samskiptum þeirra við forsvarsmenn leikskólans.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að dæma bæri leikskólann til að greiða starfsmönnunum samtals 2.5 milljónir króna í skaðabætur vegna fyrirvaralausra uppsagna auk dráttarvaxta og málskostnaðar upp á hundruð þúsunda króna.

Þrír af starfsmönnunum fóru til fundarins af leikskólanum, eftir að hafa tilkynnt leikskólastjóra um fundinn og eftir að hafa gert viðeigandi ráðstafanir til þess að börn í þeirra gæslu væru ekki gæslulaus á meðan. Sú fjórða hafði fyrr um daginn farið heim vegna veikinda barns síns og farið þaðan til fundarins eftir að hafa fengið gæslu fyrir barnið. Sú fimmta hafði farið heim af leikskólanum veik fyrr um morguninn og

komu starfsmennirnir heim til hennar til fundar. Eftir hinn stutta fund og samtalið við forsvarsmann leikskólans héldu starfsmennirnir til leikskólans að nýju til þess að ræða við forsvarsmennina um stöðu mála. Þegar þangað kom var þeim öllum afhent uppsagnarbréf, þar sem þeim var sagt fyrirvaralaust upp starfi. Í uppsagnarbréfinu var vísað til ákvæðis í gildandi kjarasamningi þess efnis að starfsmanni skuli víkja úr starfi fyrirvaralaust verði hann uppvís að grófu broti í starfi enda valdi viðvera hans á

Starfsmennirnir leituðu strax til Eflingar-stéttarfélags



vinnustað áframhaldandi skaða fyrir starfsemina, aðra starfsmenn eða viðskiptavinum.

Leituðu strax til stéttarfélagsins

Starfsmennirnir leituðu strax til Eflingar-stéttarfélags sem brást þegar í stað

við málinu og ritaði leikskólanum bréf sem starfsmennirnir afhentu daginn eftir uppsögn. Í bréfinu var uppsögnunum mótmælt, skorað á leikskólann að draga uppsagnirnar til baka og tilkynnt að starfsmennirnir myndu snúa þegar til starfa. Af hálfu leikskólans var áskoruninni hafnað og starfmönnunum tilkynnt að uppsagnirnar myndu standa óhaggðar. Tveimur starfsmannanna var hins vegar boðin vinna að nýju nokkrum dögum síðar, en því boði höfnuðu starfsmennirnir með vísan til þess sem á undan var gengið.

Fyrir tilstuðlan Eflingar-stéttarfélags var málunum stefnt fyrir dóm og gerð krafa um skaðabætur að jafngildi launum á uppsagnarfresti á þeim forsendum að um ólögsmætar uppsagnir hefði verið að ræða. Að auki var í tilviki eins starfsmannsins, sem var þunguð þegar uppsögn átti sér stað, gerð krafa um jafngildi launa fram að áætluðum fæðingardegi barns hennar. Var á því byggt að starfsmennirnir hefðu ekki gerst sekir um neitt það sem réttlætt gæti fyrirvaralausar uppsögn. Af hálfu leikskólans var því hins vegar haldið fram að starfsmennirnir hefðu gerst sig seka um svo alvarleg brot að það réttlætti að þeim væri sagt upp fyrirvaralaust. Var kröfum tveggja ennfremur mótmælt á þeirri forsendu að þeim hefði verið boðin vinna að nýju, sem þær hefðu hafnað, en með því hefðu þær fyrirgert rétti sínum til skaðabóta. Loks var því mótmælt að sú sem hefði verið þunguð við uppsögn gæti átt rétt á skaðabótum fram að áætluðum fæðingardegi barns hennar, þar sem ekki hefði legið fyrir vitneskja um þungunina við uppsögn og ekki hefði verið um að ræða brot gegn ákvæðum fæðingarorlofsлага.

Fallist á sjónarmið starfsmanna

Í dómum héraðsdóms var fallist á fyrrgreind sjónarmið starfsmannanna og Eflingar-stéttarfélags og var rekstraraðili leikskólans því dæmdur til þess að greiða starfsmönnunum skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá þeim degi sem uppsagnirnar áttu sér stað, auk málskostnaðar. Tók dómurinn fram að starfsmennirnir þrír sem farið höfðu af leikskólanum gagnert til fundarins hefðu með því gerst brotlegir við starfskyldur, þar sem ekki hefði verið sýnt fram á að fundurinn hefði ekki þolað bið fram yfir að vinnutíma lyki. Hins vegar taldi dómurinn að brot starfsmannanna teldist hvorki vera gróft eins og á stóð, né að sýnt hefði verið fram á





Frá vinstri standa Arna Rún Guðmundsdóttir, Hrefna Núpdal Leifsdóttir, Karl Ó. Karlsson, Ásthildur Sigurgeirsdóttir og Sara Hörn Hallgrímsdóttir. Karlottu Jensdóttur vantar í hópinn.

að viðvera starfsmannanna á vinnustað hefði valdið skaða eins og nefnt kjarasamningsákvæði gerir áskilnað um. Engar forsendur væru því til fyrirvaralausra uppsagna.

Hvað varðar starfsmennina tvo sem farið höfðu heim fyrr um morguninn vegna veikinda, þá komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að þeir hefðu ekki gerst brotlegar við neinar starfsskyldur. Taldi dómurinn enn fremur það ekki skipta neinu máli varðandi skaðabótarétt þeirra tveggja sem boðin var vinna nokkrum dögum eftir uppsögn, að þær skyldu hafa hafnað áframhaldandi vinnu, þar sem forsvarsmenn leikskólans hefðu áður en til þess kom staðfest uppsagnirnar með svo afgerandi hætti. Bótakrafa þess starfsmanns sem var þunguð þegar uppsögn bar að var lækkuð, sem nam ígildi launa frá lokum uppsagnarfrests til áætlaðs fæðingardags barns hennar. Byggði dómurinn á því að skilja yrði ákvæði 30. gr. fæðingaror-

lofslaga á þann veg að óheimilt sé að segja konu upp starfi vegna þess að hún sé þunguð. Taldi dómurinn ósannað að stefndi hefði haft vitneskju um þungun starfsmannsins þegar uppsögn bar að.

Ánægjuleg niðurstaða

Niðurstaða héraðsdóms í málum starfsmannanna fimm er ánægjuleg og í samræmi við mat Eflingar-stéttarfélags á málunum frá upphafi, segir Karl Ó. Karlsson, lögmaður Eflingar-stéttarfé-

lags sem fór með málið fyrir hönd starfsmannanna og félagsins. Túlkun héraðsdóms á ákvæði fæðingarorlofslaga um vernd þungaðra kvenna gagnvart uppsögnum og sönnunarmat dómsins varðandi tilkynningu um þungunina, orkar þó tvímælis. Dómurinn staðfestir mikilvægi þess að starfsmenn leiti strax til félagsins ef um fyrirvaralausar uppsögn er að ræða, svo unnt sé að bregðast við með réttum hætti svo sem gert var í þessu máli, segir Karl Ó. Karlsson.

BÓN- OG ÞVOTTASTÖÐIN

Sóltúni 3
Sími 551 4820



Jónas fyrir framan húsið þar sem atburðurinn gerðist

Erfið reynsla í starfi öryggisvarða

Hafði gríðarleg áhrif á mig

- segir Jónas Páll Marinósson

Starf öryggisvarða getur stundum reynst hættulegt og krefst oft mikils áræðis, þegar komið er að bruna eða innbrotum eða þegar einhver hringir í neyð. Jónas Páll Marinósson, öryggisvörður hjá Securitas þekkir þetta af eigin reynslu.

Hann var í eftirlitsferð um fimmleystið að morgni 25. maí 2002, þegar honum barst kall frá stjórnstöð um að fara strax með lykila að húsi við Laugaveg og aðstoða öryggisvörð frá Öryggismiðstöðinni við að komast inn í húsið. Sá maður var lykllaus og komist ekki inn í sameignina. Jónas Páll segir þannig frá:

Ég hélt sem leið lá niður Laugavegin og sá öryggisvörðinn fyrir framan húsið. Ég steig út úr bílnum, gekk að úti-dyrarhurðinni og stakk stakk lyklinum í skrána en ekkert skeði. Þá hafði öryggisvörðurinn sem var fyrir á staðnum samband við stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinna til að athuga hvað við gætum gert í málinu. Ég stóð hjá á meðan en ákváð svo að ganga í kringum húsið og prófa lykilinn á allar skrár sem ég rækist á. Það bar engann árangur og ég sá ekkert sem benti til þess að eldur væri laus í húsinu.

Þegar ég kom til baka sagði öryggisvörðurinn mér að búið væri að hringja á lögregluna og það lá svona í loftinu að við færum að yfirgefa staðinn. Allt í einu heyrðist sprenging. Ég leit upp og



sá dökkan reyk gjósa út um lítinn glugga á 3ju hæð hússins. Við vorum smá stund að átta okkur á hvað hafði skeð en svo greip ég síman og hringdi í mína stjórnstöð og lýsti atburðum og bað um að slökkviliðið yrði sent á staðinn.

Einhver inni í húsinu

Í sömu andrá heyrðum við kallað að sennilega væri einhver inni í húsinu.

Við brugðumst hratt við og sóttum slökkvitæki sem við vorum með í bílnum og hófumst svo handa við að finna inngögnuleið.

Fyrst reyndum við að brjóta upp úti-dyrar en þegar það tókst ekki braut ég rúðu við hliðina á hurðinni og teygði mig í húninn og opnað. Framundan birtist stigi sem lá uppá á efri hæðirnar og eftir að hafa kannað aðstæður ákváðum við að þræða hann upp á hæðina þar sem rúðan hafði brotnað. Í leiðinni upp svipuðumst við eftir eldi sem gæti leynst einhverstaðar en urðum ekki varir við neytt grunsamlegt.

Skyndilega stóðum við fyrir framan hurð sem virtist ganga að risinu. Ég þreifaði á henni en fann engan hita og ákváð að opna. Þá gaus mikill reykur á móti okkur og við urðum að hörfa til baka. Þegar mestir reykurinn var horfinn héldum við áfram og sáum þá mann sitja efst á stigapallinum. Eldtungunnar dönsuðu hringinn í kringum hann og glæður loguðu í fötum og hári.

Jónas segir að þeir hafi öskrað á manninn til að ná athygli hans en hann hafi ekki heyrt í þeim. Ég greip síman og hringdi aftur í stjórnstöð til að tilkynna þessar aðstæður og að maðurinn væri mikið slasaður. Á meðan ég var í símanum reyndi öryggisvörðurinn að ná taki á honum en þá losnaði húðin og hann varð að sleppa takinu. Við héldum áfram að kalla til mannsins og loksins rankaði hann við sér og byrjaði að mjaka sér niður stigan. Í þeirri andrá birtust tveir óeinkennisklæddir lögreglumenn og tókst þeim að koma manninum niður stigan og út á götu.

Mikil áhrif á mig

Þessi atburður hafði mikil áhrif á mig og mér leið mjög illa um tíma. En eftir að hafa fengið áfallahjálpm sem fyrirtækið stóð fyrir er ég búinn að jafna mig að mestu leiti. Ég hafði vitneskju um að maðurinn lifði brunann af, En síðan hafði ég engar fréttir af honum, fyrr en í sjónvarpsþætti á stöð 2 fyrir skömmu. Þar var verið að fjalla um erfið samskipti hans við Tryggingastofnun Ríkisins um nauðsýnlegan fatnað sem hann þarf að klæðast, vegna þess að hann hefur enga húð og er alltaf kalt. Mér fannst framkoma TR við manninn vera fyrir neðan allar hellur því að allir geta sagt sér að það hlýtur að vera afskaplega erfitt að vera svona á sig kominn sagði Jónas að lokum.

Vertu stærri há okkur

Sérhver viðskiptavinur og allt sem tengist fjármálum hans hefur meira vægi hjá SPV en hjá stórum fjármálastofnunum.

Njóttu þess að vera viðskiptavinur hjá SPV, öflugri fjármálastofnun sem stendur þétt að baki þér og veitir alhliða og persónulega fjármálaþjónustu.

Komdu til okkar og ræddu málin.

Vertu með í hópi ánægðustu viðskiptavina fjármálafyrirtækja á Íslandi*.

Það er ekkert einfaldara en að flytja öll bankaviðskipti yfir til okkar. Þú tekur ákvörðun og við sjáum um flutninginn.

* Skv. mælingum Íslensku ánægjuvogarinnar, en að henni standa Gæðastjórnunarfélag Íslands, Samtök iðnaðarins og Gallup.



spv

Sparisjóður
vélstjóra

www.spv.is



Hverjir sitja í stjórn Eflingar?



Sigurður Bessason
Formaður
Skrifstofu Eflingar



Þórunn Sveinbjörnsdóttir
1. varaformaður
Skrifstofu Eflingar



Guðmundur Þ Jónsson
2. varaformaður
Skrifstofu Eflingar



Hjördis Baldursdóttir
Ritari
Skrifstofu Eflingar



Ingunn Þorsteinsdóttir
Gjaldkeri
Skrifstofu Eflingar



Anna María Clausen
Meðstjórnandi
Össuri hf



Jónína Sigurðardóttir
Meðstjórnandi
Droplaugarstöðum



Puriður Ingimundardóttir
Meðstjórnandi
Leikskólanum Skógarborg



Fanney Friðriksdóttir
Meðstjórnandi
Félagspjónustunni



Snorri Ársælsson
Meðstjórnandi
Samskipum



Guðlaugur Bjarnason
Meðstjórnandi
Óliuverslun Íslands



Rannveig Gunnlaugsdóttir
Meðstjórnandi
Hrafnistu



Þorbjörg Kristjánsdóttir
Meðstjórnandi
Granda



Þorsteinn M. Kristjánsson
Meðstjórnandi
Loftorku



Kristín Jónatansdóttir
Meðstjórnandi
Hótel Loftleiðum



Viðar Ottesen
Meðstjórnandi
Sorpu



Ragnar Ólason
Meðstjórnandi
Gatnamálastjóra



Símon Gunnarsson
Meðstjórnandi
Eimskipum



Hannes Ólafsson
Meðstjórnandi
Reykjalundi



Jón S. Pétursson
Meðstjórnandi
Kassagerðinni



Steinn G. Lundholm
Meðstjórnandi
Emmessís



- stendur með þér



Félagsleg námskeið á næstunni hjá Eflingu

Sjálfstyrking, fjármálanámskeið og námskeið í framsögn

- Fjöldmargir möguleikar fyrir félagsmenn að proska sig og bæta

Efling mun nú á vormánuðum standa fyrir nokkrum félagslegum námskeiðum bæði fyrir trúnaðarmenn og félagsmenn. Vegna kjarasamningavinnu er félagið seinna á ferð en venjulega með grunnnámskeið fyrir trúnaðarmenn en verður með eins dags framhaldsnámskeið fyrir trúnaðarmenn einu sinni í mánuði.

Fjármálanámskeiðið verður í lok mars og námskeið í framsögn og framkomu um miðjan mars. Þá verða hin vinsælu sjálfstyrkingarnámskeið einnig í mars (grunnnámskeið) og framhalds-sjálfstyrkingarnámskeið um miðjan apríl.

Hér til hliðar er yfirlit yfir félagslegu námskeiðin í vor en forsenda þess að námskeiðin séu haldin er að næg þátttaka fáiist. Öll þessi námskeið eru haldin að Sætúni 1 og eru félagsmönnum að kostnaðarlausu.

Trúnaðarmannanámskeið

Hvað?	Hvenær?	Klukkan hvað?	Hve lengi?
Trúnaðarmannanámskeið I	26. - 30. apríl	9.00-16.00	1 vika
Trúnaðarmannanámskeið II	10.-14. maí	9.00-16.00	1 vika
Trúnaðarmannanámskeið frh. Hagfræði	25. mars	9.00-16.00	1 dagur
Trúnaðarmannanámskeið frh. Heimasíðuleit	12. mars	9.00-16.00	1 dagur
Trúnaðarmannanámskeið frh. Lífeyrissjóðakerfið.	15. apríl	9.00-16.00	1 dagur
Trúnaðarmannanámskeið frh. Karlar á vinnustað	6. maí	9.00-16.00	1 dagur
Trúnaðarmannanámskeið frh. „Takt-i-tilveruna“	apríl/maí - auglýst síðar	9.00-16.00	2 x 1/2 dagur

Opin námskeið fyrir alla félagsmenn

Hvað	Hvenær?	Hve lengi?	Klukkan hvað?
Sjálfstyrkingarnámskeið	16., 18. og 23. mars	3 kvöld	19:00 - 22:00
Sjálfstyrkingarnámskeið frh	13., 15. og 20. apr	3 kvöld	19:00 - 22:00
Framsögn og framkoma	16., 18. og 22. mars	3 kvöld	19:00 - 22:00
Fjármálanámskeið	29. og 31. mars	2 kvöld	19:00 - 22:00
Starfslokanámskeið	23., 25. og 27. mar	tvö kvöld og laugardagur	19:00-22:00 / 10:00-15:00

Smelltu á www.efling.is

Landnemaskólinn heimsóttur

Félagsmenn af erlendu bergi

Menningartengt íslenskunám



Haukur Harðarson að kenna hópi landnema

Landnemaskóli Eflingar fór af stað í þriðja sinn nú vorið 2004. Þetta nám er skipulagt sem 120 stunda menningar-tengt íslenskunám þar sem nemendur læra ekki aðeins íslensku heldur einnig

ýmislegt um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi. Námið hefur mælst vel fyrir hjá félagsmönnum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli en þeir eru nú yfir 2000 í Eflingu af um eitt

hundrað þjóðernum.

Fréttablað Eflingar leit inn í kennslu-stund hjá þeim og tók meðfylgjandi mynd.



NÝJUNG!



Fjallasúrmjólk er ný gerð af súrmjólk. Hún er þykk og mjúk og kitlar tunguna á frísklegan hátt eins og súrmjólkinn gerði í gamla daga.



MS Fjallasúrmjólk
— fjarska góð og frískandi



Vinnustaðaheimsókn

- í sorpið

Frá v. Matthías Jockum Matthíasson, Hákon S. Hákonarson, Óskar T. Ágústsson, Egill Sæmundur E. Björnsson, Kristján J. Sigvaldason.

Sorp eða rusl eins og flestir kalla það nú á tímum hefur lengi lodað við þjóðir heims og hefur mannfólkið átt stærstan þátt í framleiðslu þess með neysluvenjum sínum. Auðvitað þarf að farga eða fela ruslið og til þess hafa verið notaðar svipaðar aðferðir í gegnum aldirnar. Ruslið var grafið eða brennt í þar til gerðum ílátum og reykurinn og óþefurinn

lagðist yfir stór svæði og gerði fólki og dýrum lífið leitt. Og hver man ekki eftir reyknum og óþefnum sem kom frá öskuhaugunum í Gufunesi og dreifðist eins og helgul slæða yfir íbúa Reykjavíkur. Örugglega þeir sem eru komnir yfir miðjan aldur. En sem betur fer er öldin önnur núna og reykurinn horfinn í bili að minnsta kosti því að árið 1991 tók

SORPA til starfa og sér um að bagga allt heimilissorp sem fer svo til urðunar upp í Álfsnes. Sorphirðumenn sjá til þess að ruslið fari rétta leið og hverfi sjónum okkar hinna. Að þessu sinni heimsækjum við starfsfólk í sorpinu og forvitnumst um starfið og tilveruna í daglegu amstri hversdagsleikans.



Óskar T. Ágústsson

Verklagið breytist

-segir Óskar T. Ágústsson

Óskar T. Ágústsson, flokkstjóri hóf störf við sorphirðu árið 1958 og hefur unnið við það allar götur síðan að einu ári undanskildu þegar hann fór til sjós.

Sjómennskan fór ekki sérlega vel í mig, segir hann og ég hvarf aftur til starfa við sorphirðuna eftir að hafa siglt með Gullfossi og farið í einn túr á togara. Pabbi vann í öskunni eins og það var kallað í gamla daga og ég þekkti vel til starfsins og launin voru ágæt á þeim tíma.

Verklagið við tunnurnar hefur breyst talsvert með árunum. Helstu breytingarnar tengjast ruslatunnunum, tækjunum og umhverfinu sem við störfum í og

svo náttúrulega vinnutímanum.

Ég byrjaði á trillu og sótti olíutunnur og sérhannaða stampa sem voru búnir til í Stálsmiðjunni og kom þeim fyrir á lyftu, sem sá um að losa þær í öskubílinn. Stamparnir voru rosaalega óþjálir í meðförum en tunnurnar voru meðfærligri við erfiðar aðstæður t.d. í kjallara-tröppum.

Þegar pabbi heitinn var í þessu þurftu karlarnir að hvöfva úr ruslatunnunum í þar til gerðan bala og bera þá svo upp stiga á palli balabíls, eins og öskubíllarnir voru kallaðir í þá daga, og hvöfva úr þeim í stórt op. Núna eru ruslatunnurnar úr plasti og þannig í laginu að þær eru miklu meðfærligri.

Óskar segir að sex manns séu í vinnu-flokknum hjá sér núna en venjulega eru þeir einum færri í hópnum. Oftast byrj-

um við að setja í bílinn rétt fyrir klukkan sjö á morgnana við Hraunbergsbakarí í Breiðholti. Svo förum við í Fella-skóla og Breiðholtsskóla og reynum að klára áður en krakkarnir mæta í skólann. Að því loknu getum við byrjað á stykkinu okkar sem eru Breiðholtshverfi 1 og 2 og ef tími gefst til áður en vinnudegi lýkur, aðstoðum við félagi okkar í öðrum hverfum. Vinnutíminn hefst klukkan sjö og svo förum við í kaffi um tíuleytið. Klukkan ellefu byrjum við svo aftur að vinna og hættum klukkan hálfþrjú, án þess að taka matartíma. Mesta ruslið er í kringum jólin og kemur mikið úr fataskápum, geymslum eða bílskúrum. Aukningin er að talsverðu leyti vegna jólagjafa og jólaundirbúnings og ég tala nú ekki um umbúðir! Þetta má sjá þegar fólk er að burðast heim fyrir jólin með fangið fullt af pokum og helmingurinn af þessu fer í tunnurnar aftur sem eru umbúðir og kassar utan um jólagjafirnar svo er það auðvitað afgangurinn (dósir, flöskur, og fl.) af öllum jólamatnum.



Auður Ævarsdóttir

Ánægð með starfið

- segir Auður Ævarsdóttir

Auður Ævarsdóttir byrjaði í flokknunum um síðustu áramót og er ánægð með starfið og vinnufélagana. Hún segir að vinnutíminn henti sér mjög vel og launin séu alveg þökkaleg. Við höfum frían vinnufatnað og aðgang að góðu mótuneyti. Það er helst veðrið sem pirrar mig stundum. Ég fór í Háskólann í haust og lagði stund á sálarfræði. En hún átti ekki alveg upp á pallborðið hjá mér, þannig að ég ákvað að hætta og fá mér vinnu til að safna peningum og fara svo í eitthvað annað nám næsta haust, segir hún og brosir.



Gamla lagið við losun sorps

Margir góðir kostir við starfið

- segir Aðalsteinn D. Stefánsson

Aðalsteinn D. Stefánsson hóf störf í sorpinu fyrir níu árum. Hann segir að aðstæður við margar sorpgeymslur séu ekki nógu góðar og kjallaratröppur á mörgum stöðum væru mjög erfiðar. En svo hefði starfið líka marga góða kosti t.d. varðandi vinnutímann sem býði uppá góðan frítíma til að vera með fjöldskyldunni og stunda útiveru og holla hreyfingu. Svo eru launin alveg þökkaleg þó maður vilji alltaf fá meira og ég er ánægður með vinnufélagana og lífið almennt, sagði Aðalsteinn og var rokinn af stað til að stjórna lyftunni aftan á sorpbílnum.



Aðalsteinn D. Stefánsson

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0139-26-4700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101



Dæmi er um fyrirtæki sem brjóta á starfsmönnum lög og kjarasamninga í skjóli atvinnuleyfa frá Vinnumálastofnun

Atvinnuleyfi til brotlegra fyrirtækja

Stjórnvöld leggja blessun yfir lögbrotin

Í skriflegu svari sem Jóhanna Sigurðardóttir beindi til félagsmálaráðherra nýlega um eftirlit með ráðningarsamningum útlendinga og brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga kom fram að Vinnumálastofnun synjar fyrirtækjum ekki um atvinnuleyfi þó að í ljós komi að um vanskil eða grunsemdir um misferli sé að ræða.

Jóhanna Sigurðardóttir lagði fyrirspurn sína fram á haustdögum en svarið barst um miðjan nóvember. Það er afar athyglisvert fyrir launafólk hér á landi og merkilegt þar sem hér talar æðsta stjórnvald. Svarið staðfestir það sem lengi hefur komið fram í umfjöllun um atvinnuleyfi á skrifstofu Eflingar, að ekki virðist skipta máli þó atvinnurekendur brjóti kjarasamninga eða jafnvel landslög þegar Vinnumálastofnun metur afgreiðslu atvinnuleyfa. Til að lesendur Fréttablaðs Eflingar geti lesið svar ráðherra með eigin augum eru hér birtir tveir kaflar úr því sem fjallar um þetta atriði:

„Ef ábendingar í umsögnum stéttarfélaga eru þess efnis að iðgjöld og opinber gjöld séu í vanskilum hefur Vinnumálastofnun ekki synjað umsóknum af þeim ástæðum einum nema um stórfelld vanskil og grunsemdir um misferli í því sambandi, enda innheimta launatengdra gjalda ekki í verkahring stofnunarinnar“

„Að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hefur Vinnumálastofnun almennt ekki hafnað umsóknum um framlengingu atvinnuleyfa þrátt fyrir neikvæðar umsagnir stéttarfélaga, hvort sem um er að ræða neikvæða umsögn vegna atvinnuástands eða vanskila á iðgjöldum“.

Vönduð vinnubrögð Eflingar-stéttarfélags við umsagnir

Sem betur fer er mikill meirihluti fyrirtækja á hér á landi með sín mál gagnvart starfsfólki í góðu lagi og væri ekki betra fyrir viðkomandi starfsmann að vinna hjá slíku fyrirtæki?

Vinnumálastofnun veitir atvinnuleyfi til fyrirtækja í umboði félagsmálaráðherra. Stéttarfélögin eru umsagnaraðili.

Þegar fyrirtæki hefur fengið atvinnuleyfi fyrir erlendan starfsmann kemur starfsmaðurinn til landsins og hefur

Með þessu fyrirkomulagi er líklegt að Íslendingar forðist að vinna hjá slíkum svikafyrirtækjum en fyrirtækin bregðast þannig við að leitað er eftir nýjum erlendum starfsmönnum til að brjóta á



störf. Erlendi starfsmaðurinn hefur öll sömu réttindi og skyldur varðandi kaup og kjör og íslenskur starfsmaður. Atvinnuleyfið er oftast veitt í eitt ár. Þegar

árið er liðið sækir fyrirtækið um fram-
lengingu á atvinnuleyfinu í eitt ár. Um-
sóknin kemur fyrst inná borð viðkom-
andi stéttarfélags. Hjá Eflingu-stéttarfé-
lagi starfar nefnd sem fer yfir allar um-
sóknir. Nefndin athugar t.d. hvort
kvartanir hafa borist frá starfsmönnum
þessa fyrirtækis, hvort fyrirtækið hafi
verið að segja upp starfsmönnum, hvort
það greiðir lífeyrissjóðs- og félagsgjöld
sem það dregur af starfsmanninum og
hvort það stendur við ákvæði kjara-
samninga. Ef tilefni er til er einnig at-
hugað hvort fyrirtækið hafi skilað skatti
sem það hefur dregið af launamanni.

Ef í ljós kemur að fyrirtæki sem sækir
um atvinnuleyfi skilar ekki lífeyrissjóðs-
og félagsgjöldum ásamt skatti af starfs-
manninum, þá er veitt neikvæð um-
sögn. Fyrirtækið er í vanskilum með
kjarasamnings og lögbundin gjöld og
líkur á að það haldi áfram þeirri iðju
gagnvart nýjum starfsmönnum.

Um sögnin er send áfram og endar hjá
Vinnuálastofnun sem í tilvikum sem
þessum afgreiðir erindin jákvætt sam-
kvæmt svari ráðherra. Vinnuálastofn-
un er þá í umboði félagsmálaráðherra að
skapa skilyrði fyrir viðkomandi fyrirtæki
að brjóta lög áfram.

Efling hefur lengi séð þessa afgreiðslu
hjá stofnunni en nú hefur félagsmála-
ráðherra staðfest þetta í skriflegu svari.
Ráðuneytinu kemur ekki við hvort
skattar eru borgaðir.

Spyrjum fjármálaráðherra!!!!

Eðlilegt er að fjármálaráðherra svari
því hvort þetta séu eðlileg viðbrögð fé-
lagsmálaráðherra við lögbrotum varð-
andi greiðsluskyldu skatta og iðgjalda
sem byggjast á lögum.

Með þessu fyrirkomulagi er líklegt að
Íslendingar forðist að vinna hjá slíkum
svikafyrirtækjum en fyrirtækin bregðast
þannig við að leitað er eftir nýjum er-
lendum starfsmönnum til að brjóta á.

Á skrifstofu Eflingar kemur fjöldi er-
lendra starfsmanna dag hvern. Oftast
eru launagreiðslur og skil af launafólki í
lagi en einnig eru dæmi um mjög ljót-
an leik fyrirtækja gagnvart þessu fólki.
Viðurlög við því eru engin eftir því sem
best verður séð. Þeir starfsmenn sem
lenda á svikurum og lögbrotum kom-
ast stundum í aðra vinnu og hefur félag-
ið oft aðstoðað við það og leitað þá til
fyrirtækja sem fara að lögum og kjara-
samningum.

Ef breyta þarf lögum þá er ekki eftir
neinu að bíða, en ef lögín eru til staðar
væri þá ekki ráð að framfylgja þeim?



Æðsta stjórnvald hér á landi getur ekki
bæði staðið að lagasetningu og skapað
um leið skilyrði fyrir neðanjarðarhag-

kerfi og stuðlað að mismunum á fólki
eftir þjóðerni.

**Sama sólin - sama fríið
- en á verði fyrir þig!**

Benidorm

35.942 kr.

á mann miðað við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman.
44.430 kr. á mann ef 2 ferðast saman.
Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Halley, 10.000 kr. bókunarafsláttur og ferðir til og frá flugvelli erlendis.

plús
FERÐIR
www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100



Sigrún Ragnarsdóttir er dugleg að sinna forvörnum

Hjartasjúklingar

Markverð meðferð gegn reykingum

- skilar árangri

Undanfarin þrjú ár hafa hjúkrunarfræðingar á hjartadeild LHS verið með markvissa reykleysismeðferð fyrir hjartasjúklinga sem þangað hafa komið. Nýleg könnun meðal 58 þátttakenda sýnir ánægjulega niðurstöðu þar sem tæplega helmingur þátttakenda hélt sig frá reykingum og verður það að teljast nokkuð góður árangur.

Sigrún Ragnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, á hjartadeild LHS segir að tilgangurinn með reykleysismeðferðinni sé að fá alla hjartasjúklinga sem reykja til að hætta, vegna þess að reykingar flýti fyrir þróun kransæðasjúkdóma og valdi því að reykingarfólk þurfi oftast að koma til þeirra á deildina.

Við innlög er sjúklingurinn spurður

hvort hann reyki og ef svo er þá er tekin nákvæm skýrsla um reykingarferlið og svo bjóðum við honum nikótínplástur. Reynslan sýnir að það hefur hjálpað fólki sem ákveður að takast á við nikótínfíknina þegar það útskrifast. Sigrún segir enn fremur, að sjúklingum sem taki þátt í meðferðinni sé boðið upp á svokallaða eftirmeðferð. Hún felst í því að fylgst er með þátttakendum þannig að hringt er í viðkomandi svona tvisvar á ári og athugað hvernig gengur. Þetta fyrirkomulag hefur reynst mjög vel og fólk hefur átt erfitt með að slíta sambandi við okkur, segir Sigrún.

Í tilefni af 10 ára afmæli Fagdeildar hjúkrunarfræðinga hefur verið ákveðið að gera störf okkar sýnilegri m.a. með auknum forvörnum. Einn liður í því verður kynning í Smáralindinni í Kópavogi laugardaginn 6. mars næstkomandi frá klukkan 11.00-15.00. Þar verður gestum boðið uppá blóðþrýstingsmælingu, staðlað áhættumat frá Hjartavernd og reykleysismeðferð. Hjúkrunarfræðingar af hjartadeildum ætla að sjá um þessi verk og vonandi sjá flestir sér fært að mæta, sagði Sigrún að lokum.





Verðandi aðstoðarmenn ljósmæðra á námskeiði

Spennandi starfspróun á kvennadeild LSH

Ný störf verða til

Starfsmenn á kvennadeild Landspítalans- háskólasjúkrahúss hafa um áraradír unnið við ræstingu og bítíbússtörf sem hafa tekið litlum breytingum. Nú á haustmánuðum var rætt við nokkra starfsmenn um frekari þróun þeirra starfa og í kjölfarið var unnin ný starfslýsing vegna hins nýja starfs, sem mun heita sérhæfður aðstoðarmaður ljósmóður.

Með þessu er verið að gefa starfsmönnum tækifæri til að þróa sig áfram í starfi þar sem starfsmaðurinn fer í meira umönnunarstarf með skjólstæðingum deildarinnar. Nú stendur yfir námskeið fyrir verðandi aðstoðarmenn ljósmæðra.

Hér er um spennandi starfspróun að ræða og líklegt að frekari þróun í þessa átt sé að verða víðar í atvinnulífinu.

Smelltu á www.efling.is

Lignano Italia
Salou Spánn
Algarve Portúgal
París Frakkland
Berlín Þýskaland

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar www.terranoa.is

LITNA I SUMAR

**TERRA
NOVA**
- SPENNANDI VALESTAR

Stangarhyl 3
110 Reykjavík
Sími: 591 9000
www.terranoa.is
Akureyri sími: 461 1099

Leonardó hjá fimm fyrirtækjum og Eflingu

Félagsmenn kynna sér starfsemi erlendis



Starfsmenn úr eldhúsi LSH eru meðal þeirra sem farið hafa í kynnisferð til Svíþjóðar

Efling hefur nú sótt í þriðja sinn um styrki vegna kynnis- og námsferða félagsmanna erlendis. Í þetta sinn sækir Efling um fyrir á fjórða tug félagsmanna til að heimsækja systurfyrirtæki eða fyrirtæki í svipaðri starfsgrein erlendis.

Ferðirnar eru hugsaðar til að félagsmenn geti kynnt sér nýjungar á sínu sviði. Einnig gefst fólki kostur á að skoða fræðslu og menntunarmöguleika innan viðkomandi starfssviðs. Almennt

er leitast við að gera fólk viðsýnna og að verðmætari starfsmönnum. Þá er lögd sérstök áhersla á að nýta ferðirnar til áframhaldandi ráðgjafar og upplýsingastreymis innan fyrirtækjanna þegar heim er komið.

Í þetta sinn eru samstarfsaðilar Eflingar í umsókninni fyrirtækin Harpa Sjöfn, Securitas, Landspítali Háskólasjúkrahús, Orkuveita Reykjavíkur og elliheimilið Grund. Leonardó starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins greiðir ferðakostn-

að og hluta af uppihaldskostnaði, en einnig sækja félagsmenn styrki til starfsmenntasjóða Eflingar fyrir uppihaldi. Gert er ráð fyrir að fyrirtæki greiði viðkomandi starfsmönnum laun þá viku sem heimsóknin stendur.

Efling mun halda áfram að sækja um þessa styrki og hvetjum við félagsmenn og fyrirtæki til að kanna þennan möguleika. Nánari upplýsingar gefur fræðslustjóri Eflingar, Garðar Vilhjálmsson.

ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI ÖLL ÖKURÉTTINDI

Ný námskeið vikulega

www.nyiokuskolinn.is

**NÝI
ÖKUSKÓLINN**

SÍMI: 588 4500 • 898 3903



Árni t.v. ásamt Helga S. Helgasyni og Eiríki A. Valdimarssyni vinnufélgögum sínum

Í heimsókn á bílamiðstöð löggunnar

Snör handtök

Þegar við almennir borgarar ökum um götur borgarinnar eru bílarnir okkur misjafnlega hreinir og ýmislegt getur verið að s.s. ástand ljósabúnaðar og fleira. En ekki verður það sama sagt um lögreglubíla því að þeir eru alltaf hreinir og með allan öryggisbúnað í lagi. Og hver skyldi ástæðan vera?

Jú, það eru þrír félagsmenn Eflingar sem vinna hjá Bílamiðstöð lögreglunnar og sjá um að bílarnir séu alltaf í toppstandi. Árni V. Eyjólfsson er einn þremmenningana og hefur unnið í Bílamiðstöðinni í fimm ár. Hann segir að starfið sé fólgið í því að þrifa lögreglubíla, athuga með ljósabúnað, skipta um perur ef þess þarf, fylgjast með að ekkert vanti í sjúkrakassa og sjá um að nauðsynlegur lögreglubúnaður sé til taks í þeim.

Síðan fylgjumst við með að allar merkingar utan á bílunum séu í lagi og látum laga þær ef þess þarf með. Einnig sjáum við um að láta smyrja bíla og keyrum þá á verkstæði þegar þess þarf og látum skipta um dekk. Oftast er búið að panta tíma fyrir bíla en stundum koma þeir óvænt inn eftir að hafa lent í eftirför við erfiðar aðstæður eða eitthvað álíka og þá eru höfð snör handtök.

Árni segir að vinnutíminn hefjist klukkan átta á morgnana og ljúki klukkan fimm og svo sé unnið frá klukkan 10 til 5 á laugardögum og sunnudögum, aðra hvora helgi. Ég er mjög ánægður með þetta starf og ekki síður með yfirmanninn okkar en launin mættu vera betri, segir hann.

s k o ð a ð u
borgardagatalið á
www.reykjavik.is



reykjavik.is vefur Reykjavíkurborgar





Gunnlaug Hartmannsdóttir á fundi um námsráðgjöf með félagsmönnum

Pú ræður för!

Námsráðgjöf á þinn vinnustað!!!

Síðan í haust hafa Gunnlaug Hartmannsdóttir og Fjóla María Lárusdóttir, námsráðgjafar frá Mími-símenntun og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins farið á vinnustaði til að veita félagsmönnum Eflingar námsráðgjöf. Ráðgjöfum hefur verið tekið vel og hefur dágóður hópur félagsmanna nýtt sér þessa þjónustu, sem er þeim að kostnaðarlausu.

Um er að ræða þróunarverkefni þar sem áhersla er lögð á að opna aðgang félagsmanna að námsráðgjöf. Aðstæður eru mismunandi eftir vinnustöðum og fyrirkomulagið aðlagð að þeim. Þó er

miðað við að boðið sé upp á kynningu fyrir starfsfólk og í framhaldi af því einstaklingsviðtöl á vinnustað. Einstaklingar hafa kost á því að fara í eitt viðtal á vinnutíma í samráði við yfirmann þar sem gefst tækifæri til að ræða ýmis mál sem tengjast námi og starfi. Óski einstaklingurinn eftir fleiri viðtölum fara þau fram utan vinnutíma.

Þessa dagana hafa ráðgjafar verið á ferð m.a. hjá bensínstöðvum Skeljungs og Össuri. Um er að ræða fyrirtæki sem eru ólík að uppbyggingu, t.d. hvað varðar vinnutíma og starfsstöðvar. Til þess að ná til sem flestra starfsmanna

Skeljungs hafa ráðgjafar brugðið undir sig betri fætinum og farið á milli stöðva. Þar hefur áherslan m.a. verið á að hvetja fólk til að taka þátt í símenntun olíufélaganna og Starfsafls. Hjá Össuri fengu starfsmenn kynningu á námsráðgjöfinni og hefur stór hópur þeirra komið og rætt við námsráðgjafa um mögulegar leiðir í símenntun og öðru námi.

Sem dæmi um atriði sem rætt hefur verið um í viðtölum má nefna: möguleika á námi af ýmsum toga, greiningu á áhugasviði, leiðir við ákvarðanatöku, hvernig auka má starfsöryggi, undirbúningur fyrir nám, hvernig hægt er að auka grunnfærni í t.d. íslensku og ensku, möguleikar á tölvunámi og fleira.

Ef þú vilt fá námsráðgjöf á þinn vinnustað eða fá frekari upplýsingar um verkefnið er hægt að hafa samband við Eflingu og við komum í heimsókn til þín þar sem haldinn verður stuttur kynningarfundur og boðið upp á einstaklingsviðtöl.

Grunnmenntaskóli Eflingar

15 Eflingarfélagar að ljúka 300 stunda kjarnanámi

Nú stendur yfir kennsla þriðja árgangs Grunnmenntaskóla Eflingar sem hefur verið rekinn í samstarfi við Mími - símenntun frá ársbyrjun 2002 með styrk frá starfsmenntasjóðum Eflingar og atvinnurekenda.

Þetta er í þriðja sinn sem Efling býður félagsmönnum sínum annað tækifæri til náms en alls hafa þá á sjötta tug Eflingarféлага útskrifast úr skólanum.

Í Grunnmenntaskólanum er m.a. farið í grunnþekkingu í íslensku, stærðfræði, tölvunotkun, erlendum tungumálum og samskiptafærni - þá felst í náminu gerð svokallaðrar færnimöppu sem kortleggur styrkleika og veikleika viðkomandi nemenda ásamt námsráðgjöf. Þeir Eflingarfélagar sem hafa farið í gegnum námið hafa sumir verið að undirbúa sig fyrir frekara nám en aðrir einfaldlega verið að bæta stöðu sína í þessum kjarnagreinum.

Efling og Mímir stefna að því að þróa þetta nám áfram í samstarfi við opin-



Nemendur í tölvunámi

bera aðila þannig að sem flestum Eflingarfélögum sem hafa e.t.v. aðeins grunnskólapróf að baki gefist kostur á að snúa aftur í nám með vinnu.

Eflingarblaðið leit inn í kennslustund í Grunnmenntaskólanum og tók meðfylgjandi mynd af áhugasömum nemendum.

Smelltu á www.efling.is

Viltu heyra?

Þjóðum margar gerðir og verðflokka af heyrnartækjum

Stafræn heyrnartæki sem stilla sjálfvirkt hljóðstyrk og deyfja bakgrunnshávaða

Afgreiðslutími innan þriggja vikna

Persónuleg þjónusta



Reykjavík: Glæsibæ, Álfheimum 74

Sími: 568 6880

Akureyri: Tryggvabraut 22

Sími: 893 5960

www.heyrnartaekni.is

Pantaðu tíma í fría heyrnarmælingu



Heyrnartækni

Tölvubækur frá Hemru með Eflingarafslætti á 375 krónur

Lærðu heima í rólegheitum

- ódýr og góð leið til að kynnst tölvunni frá byrjun

Vegna góðra undirtekta hefur Efling ákveðið að halda áfram samstarfi við Hemru um tilboð til Eflingarfélaga á tölvunámsbókum sem taka á öllum helstu tölvuforritum. Um er að ræða einfaldar sjálfsnámsbækur sem allir geta nýtt sér, hvert hefti kostar aðeins 1.500 krónur hjá útgáfunni og geta félagsmenn sótt um einstaklingsstyrki til Eflingar fyrir 75% af því. Þannig greiða félagsmenn aðeins 375 krónur fyrir hvert hefti. Verðið lækkar enn meira ef keyptir eru tilboðspakkar.

Félagsmenn Eflingar geta hringt í útgáfuna í síma 511-4250 eða sent tölvupóst á stymir@baekur.is og pantað bækurnar og eru þær þá sendar með reikningi án aukakostnaðar ef greitt er með greiðslukorti, í póstkrofu bætist við kr. 500 í sendingargjald. Félagið endurgreiðir síðan 75% af reikningnum samkvæmt þeim reglum sem um eintaklingsstyrki gilda.

Tilboðspakkar

Félagsmenn geta bæði keypt stök hefti og tilboðspakka sem lækka verð hvers heftis enn meira. Hver pakki er að verðmæti 6.540 kr. en þú greiðir aðeins 1.000 kr. þegar tillit hefur verið tekið til 75% styrks. Og ef þú kaupir þrjá pakka, alls níu hefti, greiðirðu aðeins 2.700 kr. eða 300 kr. fyrir eintakið þegar tillit hefur verið tekið til 75% endurgreiðslu.

Pakki 1 –Microsoft XP-útgáfur: Windows XP, Office XP, Word 2002
Pakki 2 –Office 2000-útgáfur: Office



2000, Excel 2000, PowerPoint 2000
Pakki 3 – Netíð, einföld vefsmíði og myndvinnsla: Netíð, FrontPage 2000, Myndvinnsla
Pakki 4 – Alvöru vefsmíði og myndvinnsla: HTML, Dreamweaver 4, Photoshop 7

Stakir titlar

Dreamweaver 4 – á eigin spýtur
Excel 2000 – á eigin spýtur
Excel 2002 – á eigin spýtur
FrontPage 2000 – á eigin spýtur
HTML – á eigin spýtur

Myndvinnsla – á eigin spýtur
Netíð – á eigin spýtur
Office 2000 – á eigin spýtur
Office XP – á eigin spýtur
Photoshop 7 – á eigin spýtur
PowerPoint 2000 – á eigin spýtur
Tölvur og Netíð – fyrir (algjöra) byrjendur
Vélbúnaður – á eigin spýtur
Word 2000 – á eigin spýtur
Word 2002 – á eigin spýtur
Windows 98 – á eigin spýtur
Windows XP – á eigin spýtur

BINGÓ Í VINABÆ

Öll miðvikudags-,
föstudags- og
sunnudagskvöld
kl. 19.15

„Að spila bingó vinnur á móti hrörnun heilans“

B₁₂
I₂₇
N₃₃
G₅₆
O₇₄

Skipholt 33 s. 5534054

Sameiginleg tilkynning frá Reykjavíkurborg, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Eflingu - stéttarfélagi og Kjarafélagi Tækni- fræðingafélags Íslands.

Í kjarasamningum ofangreindra aðila var samið um að taka upp nýtt starfsmatskerfi og leiðrétt starfslaun í áföngum á samningstímabilinu. Samhliða þessari launakerfisbreytingu var ákveðið að taka upp nýtt hæfnislaunakerfi í stað eldra kerfis. Langtímamarkmið með breytingu á launakerfinu er m.a. að greiða sömu laun fyrir samþærileg og jafnverðmæt störf hjá stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar. Starfsmatsnefnd, sem skipuð er fulltrúum Reykjavíkurborgar og stéttarfélaganna þriggja, hefur frá upphafi lagt mikla vinnu við starfsmatskerfið

SAMSTARF. Starf nefndarinnar felst m.a. í mati á einstökum þáttum hvers starfs og að tryggja að öll störf séu metin með sömu aðferð. Þetta hefur verið afar tímafrek vinna sem ekki er lokið en hefur reynst nauðsynleg til að tryggja áreiðanleika starfsmatsins. Þá er að störfum sérstök hæfnismatsnefnd aðila sem af sömu ástæðum hefur ekki náð að ljúka störfum. Samningsaðilar eru sammála um að hrinda nú í framkvæmd þeim þætti nýs launakerfis sem lýtur að hæfnislaunum vegna virkrar þátttöku í símenntunaráætlun stofnunar. Sömu leiðis að knýja á um, að þær

stofnanir sem enn hafa ekki gert símenntunaráætlanir, ljúki þeirri vinnu. Þá eru samningsaðilar sammála um að birta starfsheiti á launaseðlum í samræmi við ÍSTARF staðla við launagreiðslu þann 1. mars nk. Ásetningur samningsaðila er að ljúka innleiðingu starfslauna á grundvelli starfsmats 1. nóvember 2004. Með samkomulagi, dags. 26. janúar 2004, vilja samningsaðilar tryggja framgang kjarasamninga aðila og nýs launakerfis hjá Reykjavíkurborg.

Viltu komast lengra?

Námsframboð fræðslu- og ráðgjafardeildar í mars og apríl 2004

Verkstjórnarnámskeið – 100 stunda starfsnám

Markmið: Að læra hagnýtar aðferðir við stjórnun og þekkja stöðu og ábyrgð verkstjóra gagnvart fyrirtæki og starfsmönnum.

Þjónustuliðar, grunnur I – 30 stunda starfsnám

Þjónustuliðar eru starfsfólk í fagræstingum og öðrum þjónustustörfum í fyrirtækjum.

Markmið: Að þátttakendur nái tökum á helstu aðferðum fagræstinga, þekki innihald gæðapjónustu og einkenni árangursríkra samskipta.

Umsjónarmenn fasteigna I – 60 stunda starfsnám

Námskeið II verður haldið í september 2004.

Markmið: Að ná færni í umsjón og rekstri fasteigna.

Stjórnun vinnuvéla – 80 stunda starfsnám

Markmið: Að búa nemendur undir bóklegt próf og verkþjálfun í stjórnun vinnuvéla.

Myndbandagerð í PC-tölvum – 50 stundir

Markmið: Þekking á grundvallarlögmálum myndmáls og myndbandagerðar, ásamt eftirvinnslu myndefnis í tölvum.

Stjórnun og rekstur mötuneytis – 100 stunda starfsnám, kennt seinni partinn.

Markmið: Að þátttakendur öðlist færni til að stjórna og reka mötuneyti í samræmi við nútíma kröfur.

Lager- og vörustjórnun – 60 stunda starfsnám

Markmið: Færni í grundvallaratriðum lager- og vörustjórnunar með áherslu á aðferðir sem draga úr kostnaði og bæta þjónustu.

Þjónustustjóri – 60 stunda starfsnám

Markmið: Að þátttakendur verði færir um að skipuleggja og stjórna þjónustuferlinu frá innkaupum til afhendingar.

Sölu- og markaðsfræði

Markmið: Að þátttakendur geti gert markaðs- og söluáætlun og öðlist þjálfun og þekkingu til að framkvæma í samræmi við sett markmið.

Skráning og nánari **upplýsingar** um einstök námskeið í síma **570 7100** og á nýjum og glæsilegum vef löntækni-stofnunar **www.iti.is**

**NÁM
SKEIÐ**

Nánari upplýsingar í sínum **570 7100, 570 7289** og á vefsíðu okkar **www.iti.is**

Í
löntæknistofnun

Svíþjóð á barmi stækkunar ESB



Myndin sýnir miðborg Stokkhólms

Pann 1. maí 2004 stækkar Evrópu-bandalagið (EB). Tíu ný ríki fá þá fulla aðild að bandalaginu með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir. Samtals verða aðildarríkin 25 talsins. Meðal nýju aðildarríkjanna eru Pólland, Lettland, Litháen og Eistland, sem öll liggja að Eystrasalti og eru því nágrannar Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands, sem hafa verið aðilar að Evrópubandalaginu um árabíl. Sem kunnugt er hvílir ESB á hugmyndinni um frjáls viðskipti og frjálsan flutning fjármagns og vinnuafis landanna á milli. Verkaþólk í nýju aðildarríkjunum öðlast rétt til atvinnu í öðrum löndum bandalagsins og félagsleg réttindi til jafns við aðra íbúa þess lands sem það velur að flytja til.

Samkvæmt samkomulagi innan EB geta núverandi ríki bandalagsins hvert um sig ákveðið að takmarka réttindi íbúa nýju aðildarlandanna í allt að sjö ár. Þetta er eins konar aðlögunartími sem felur í sér að það dregst um nokkur ár þar til íbúar nýju aðildarríkjanna fá fullan rétt og sambærilegan við réttindi annarra íbúa viðkomandi lands. Nokkur lönd hafa ákveðið að nýta sér þennan möguleika og í Svíþjóð hafa nokkur sambönd stéttarfélaganna innan sænska alþýðusambandsins krafist þess að Svíþjóð takmarki réttindi verkaþólks nýju aðild-

arlandanna fyrstu árin. Það á meðal annars við um samtök byggingariðnaðarmanna og samtök flutningaverkanna. Sænsk stjórnvöld hafa sagt að til greina komi að takmarka rétt íbúa nýju aðildarríkjanna þannig, að aðeins þeir fái leyfi til að setjast að sem hafa fengið fasta vinnu sem tryggi að þeir geti sjálfir séð fyrir sér og sínum. Með öðrum orðum; fólk skal ekki koma í þeim tilgangi einum að nýta sér velferðakerfið.



Tryggvi Þór Aðalsteinsson

Ötti við óábyrg fyrirtæki

Alþýðusambandið (LO) hefur hins vegar verið tregt til að krefjast aðlögunartíma og lengi lagt áherslu á að allir óháð þjóðerni og kynþætti sem starfa á sænskum vinnumarkaði eigi að búa við sömu reglur og sömu kjör. LO viður-

kennir hins vegar að viss hættu sé á að óábyrg fyrirtæki nýti sér möguleikann að ráða útlendinga í vinnu á lægri kjörum og án þess að taka tillit til almennra kjarasamninga og gildandi launataxta. LO bendir á að vandamálið sé ekki nýtt og hafi ekki eingöngu með stækkun EB að gera.

Grundvallarviðhorf LO er að samkeppni í atvinnulífnum megi ekki byggjast á lægri launum eða öðrum lakari kjörum launafólks. LO hefur lagt til að stjórnvöld móti skýrari reglur á vinnumarkaðnum. Það á meðal annars við um að aðalverktaki skal bera ábyrgð á að undirverktakar greiði skatta og önnur gjöld vegna starfsmanna, styrkja ber möguleika Innflytjendastofnunarinnar til eftirlits í sambandi við þau leyfi sem stofnunin veitir, setja þarf skýrari reglur um leyfi til atvinnurekstrar, auka þarf rétt stéttarfélaganna til að afla upplýsinga um launakjör starfsmanna, bæði eigin félagsmanna og ófélagsbundinna starfsmanna og setja þarf strangari reglur um starfsemi starfsmannaleiga.

Snýst um grundvallaratriði

Málið er athyglisvert vegna þess að það snýst í raun um grundvallarviðhorf verkalyðshreyfingarinnar. Menn geta spurt sig: Er það sambærilegt grundvallarkröfum verkalyðshreyfingarinnar um

jafnrétti, réttlæti og bræðralag að setta sig við og jafnvel krefjast þess að útlendingar hafi önnur og lakari kjör en heimamenn? Er það í samræmi við grundvallarsjónarmið verkalyðshreyfingarinnar um samstöðu verkafólks í öllum löndum, ef hreyfingin sættir sig við að útlendingar hafi takmörkuð félagsleg réttindi í því landi þar sem þeir eiga rétt á vinnu og hafa fengið starf? Nei, segir sænska alþýðusambandið. Gera verður ráð fyrir því að útlendingar sem setjast að í landinu taki þátt í atvinnulífinu á sama hátt og aðrir og á sömu kjörum. En til þess að svo verði þarf að auðvelda útlendingum að aðlaga sig staðháttum og að fá vinnu við hæfi. Sænsk verkalyðshreyfing hafnar því að í Svíþjóð myndist eins konar A og B lið í atvinnulífinu. Koma verður í veg fyrir að í Svíþjóð myndist hópar farandverkafólks á sama hátt og tíðkast hefur um langt skeið í löndum eins og Þýskalandi og Austurríki, sem bæði stjórnvöld og verkalyðssamtök í þessum löndum hafa sætt sig við.

Þeir sem eru fylgjandi aðlögunartíma óttast að til landsins streymi verkafólk frá Póllandi og Eystrasaltslöndunum en í þessum löndum er launakjör og félagsleg réttindi mun lakari en í Svíþjóð. Menn telja að þetta verkafólk sé tilbúið að ráða sig í vinnu í Svíþjóð fyrir lægri laun og lakari vinnuáðstæður. Slíkt myndi ógna gildandi kjörum, samningum og jafnvel leiða til að þeir sem nú eru í vinnu yrðu atvinnulausir. Enn-

fremur óttast menn að óábyrgir atvinnurekendur muni reyna að lokka til sín útlent verkafólk, með því að benda á rétt þeirra til barnabóta, húsnæðisbóta og annarra félagslegra réttinda sem eru mun betri en í þeirra heimalöndum.

Er það í samræmi við grundvallarsjónarmið verkalyðshreyfingarinnar um samstöðu verkafólks í öllum löndum, ef hreyfingin sætti sig við að útlendingar hafi takmörkuð félagsleg réttindi í því land þar sem þeir eiga rétt á vinnu og hafa fengið starf? Nei, segir sænska alþýðusambandið.



Social turism

Sænsk stjórnvöld hafa að nokkru leyti tekið undir þessar raddir og benda á að erlendur starfsmaður þarf aðeins að hafa 10 tíma vinnu á viku þar í landi, til þess að öðlast rétt til almannatrygginga og bóta. Þetta getur leitt til þess sem kallað er „social turism“, en í því felst t.d. eftirfarandi: Lettneskur eða pólskur verkamaður sem hefur laun sem eru um það bil einn fjórði af launum sænsks verka-

manns flytur til Svíþjóðar. Hann fær vinnu um stuttan tíma og innan skamms er börnin hans átta, ófrísk eigin kona og aldraðir foreldrar og jafnvel tengdaforeldrarnir komnir líka og allir eiga rétt til trygginga velferðarkerfisins, menntunar, húsnæðis, heilsugæslu og umönnunar.

Þeir sem ekki telja þörf á aðlögunartíma segja að þessi „hætta“ verði jafn mikil eftir nokkur ár þegar að aðlögunartímanum lýkur. Meira vit sé að laga tryggingakerfið og takmarka möguleika allra á að misnota það. Ennfremur telja margir að vilji fólks til að flytja á milli landa sé ekki svo mikill sem menn vilja halda. Menningarlegar og félagslegar ástæður ráða því að fólk vill búa í eigin landi, jafnvel þótt kjör séu verri. Nýju aðildarlöndin í ESB eru ekki vanþróuð ríki á borði við það sem þekkist í þriðja heiminum. Efnahagur margra einstaklinga og flestra þessara landa hefur batnað og tiltrú íbúanna aukist.

Sænska Alþýðusambandið viðurkennir vissulega að vandamál geta skotið upp kollinum í kjölfar stækkunar Evrópu-bandalagsins en er ekki reiðubúið að fallast á aðlögunartíma sem felur í sér frávík, frá því grundvallarviðhorfi að allir sem starfa á sænskum vinnumarkaði eigi að búa við sömu réttindi og sambærileg kjör. Með þeim aðgerðum sem sambandið hefur lagt til, verður hægt að koma í veg fyrir mörg þau vandamál sem stjórnvöld og einstök samtök stéttarfélaganna óttast.

Starfsmaður!
Gleymdist að kjósa öryggistrúnaðarmann
á þínum vinnustað?

- Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu starfa **öryggistrúnaðarmaður** og **öryggisvörður**.
- Þar sem vinna 50 manns eða fleiri skal starfa **öryggisnefnd**.
- Þar sem starfa fierri en 10 manns annast **atvinnurekandi** eða **verkstjóri** vinnuverndarmál í samstarfi við starfsmenn og **félagslegan trúnaðarmann**.



Öryggistrúnaðarmaður!
Öryggisvörður!
Trúnaðarmaður stéttarfélags!
Verkstjóri! Stjórnandi!

Til að auðvelda ykkur ábyrgðarmikil vinnuverndarstörf
heldur Vinnueftirlitið

NÁMSKEIÐ

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi
á vinnustað.

Leitið upplýsinga um næsta námskeið.

VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík

Sími 550 4600 - Fax 550 4610

vinnueftirlit@ver.is - www.vinnueftirlit.is

Hjálparstarf í Palestínu

Framtíðin er ekki björt

- segir Sverrir Þórðarson



Ljómmynd: Saïa Dubovski

Séð yfir Golanhæðir

Þann 9. janúar sl. fór ég ásamt þremur öðrum Íslendingum til hins stríðshrjáðra lands Palestínu. Ætlun okkar var að dvelja þarna til 23. janúar, kynnst ástandinu og sýna fólkinu stuðning okkar. Við fórum út til að vinna með samtökunum UPMRC (Union of Palestine Medical Relief Center). Þessi samtök færa fólki lyf og koma því til aðstoðar svo fremur sem það sé ekki skotið á sjúkrabílana og komið í veg fyrir að þeir geti komið fólkinu til aðstoðar.

Okkar hlutverk fólst hins vegar í því að sjá með okkar eigin augum hvernig ástandið er í raun og veru í hinu palestínska samfélagi og veita þeim andlegan stuðning. Þetta er e.t.v. frábrugðið hinu dæmigerða sjálfbodaðaverkefni en þar sem við vorum þarna í stuttan tíma þá hentaði þessi aðstoð best. UPMRC hjálpaði okkur að komast í kynni við skóla, stofnanir og annað slíkt til að fá heildarmyndina af ástandinu í samfélaginu. Strax frá fyrsta degi vorum við vitni að gífurlegri fátækt, eyðileggingu og höfðu allir sína sorgarsögu að segja. Voru þær hver annarri átakanlegri. En þrátt fyrir allt þetta þá er samstaðan hjá fólkinu mjög mikil og annarri eins gestrisni höfum við aldrei kynnst, viðtökurnar voru

þvílíkar. Komið var fram við okkur eins og kóngi hvert sem við fórum. Alls staðar var okkur boðið upp á kaffi, te, ávexti, mat og gistingu.

Eitt sinn kom að okkur fjölskylda, sem átti varla í sig og á, með poka af brauði og ávöxtum sem hún hafði ræktað sjálf og gáfu okkur. Þarna telst það dónaskapur að afpakka gjöf sem þessa og tókum við því við matargjöf þeirra.

Þrátt fyrir fátækt voru allir boðnir og búnir til að hjálpa okkur.

Aðskilnaðarmúrinn

Ísraelsmenn byggðu svo kallaðan aðskilnaðarmúr og allt í nánasta umhverfi múrsins leggja þeir undir sig þ.m.t. land og eignir Palestínnumanna. Við skoðuðum aðskilnaðarmúrinn sem er í einu orði sagt gífurlegt mannvirki. Hann er



Einn af lífvörðum Arafats ásamt Sverri

átta metra hár, þrír metrar niður í jörðu og um 600 km langur. Hann liggur eins og snákur hingað og þangað um landið og sveigir inn á helstu vatnsból og akra, sem áður voru eign Palestínumanna en eru nú í eigu Ísraelsmanna. Þar sem múrinn nær ekki átta metri hæð er tveggja til þriggja metra há rafmagnsgirðing ofan á honum.

Frelssvipting

Það er gjörsamlega búið að svipta fólkið frelsinu og lifir það núna innilokað í búrum. Bændur sem komast ekki lengur á akrana sína, sökum ástandsins, eru nú að þjóna okkur ferðamönnum með framleiðslu sinni af kaffi og te. Þetta er orðið þeirra daglega líf. Að bíða og vona að betri tíð muni koma brátt. En því miður er framtíðin ekki björt. Þeir fáu sem fá leyfi til þess að komast á akra sína eru ekki bændurnir sem þurfa á því að halda. Ísraelsmennirnir hafa komið því þannig fyrir, að þeir setja nöfn þeirra sem fá leyfi til að plægja akra sína á lista. Þeir sem eru á listanum komast í gegnum eftirlitsstöðvarnar og yfir á akrana. En þá hafa Ísralarnir veitt því fólki sem hefur engin not af ökrunum leyfi, s.s. gamalt óvinnufært fólk, fólk sem er flutt úr landi, kvenmenn og ganga þeir jafnvel það langt að veita látnu fólki leyfi bara svo fleiri nöfn séu á listanum. Vissulega hafa nokkrir, sem mikil not hafa af ökrunum, leyfi en það fer gjörsamlega eftir hentisemi varðanna á eftirlitsstöðvunum hvort þeir komist í gegn eður ei.

Eftirlitsstöðvarnar eru aðeins opnar þrjár klukkustundir á dag, eina að morgni, aðra í hádeginu og hina þriðju á kvöldin. Oft kemur þó fyrir að þeir opni ekki stöðvarnar og þurfa bændurnir þá að sofa úti ef svo ber við.

Dæmisaga úr skólanum

Mig langar að fá að deila einni ör-stuttri sögu með ykkur sem einn nemandi um tvítugt sagði okkur. Einn dag,



Sverrir Þórðarson með Arafat

er hann var í skólanum, gerði herinn skyndiáras inn í skólann. Vildi það svo til að kennarinn var útlendingur. Óskráð regla meðal hermannanna er að skaða ekki útlendinga. Það gæti valdið of miklum usla í umheiminum. Því

Það er gjörsamlega búið að svipta fólkið frelsinu og lifir það núna innilokað í búrum.



sendi kennarinn nemendurna inn í eitt herbergið og stóð sjálfur fyrir hurðinni í þeirri von að hermennirnir færu jafnskjótt og þeir komu. Hermennirnir gerðu sér lítið fyrir og börðu kennarann og að því loknu snéru þeir sér að nemendunum og börðu og pyntuðu þá. Þessi tvítugi strákur var skotinn í fótinn og pyntaður, meðal annars með rafmagni í höfuðið.

Þessi hrikalegu mannréttindabrot sem

okkur finnst ótrúlegt að geti átt sér stað eru daglegt líf fólksins í Palestínu. Það sem okkur finnst vera sjálfsagt eru mjög mikil þægindi fyrir það, s.s. vatn, rafmagn, frelsi til menntunar, vinnu eða að hitta fjölskyldu sína. Við heimsóttum barnaskóla í litlum bæ og fengum að skoða myndir sem krakkarnir höfðu teiknað. Í stað húss og sólar og annars slíks, sem krakkar eru vanir að teikna, sáu við skriðdreka, byssur, hermenn, blóð og þar fram eftir götunni. Maður getur rétt ímyndað sér hvers konar álag og streitu krakkarnir lifa við og væta þau rúmið til að mynda í mjög háu hlutfalli miðað við það sem gengur og gerist annars staðar.

Það var fróðlegt að sjá muninn á fólkinu á Íslandi og í Palestínu. Fólkið þarna virtist vera lífsgladara en við hér heima, þrátt fyrir hvernig komið er fyrir því. Þessi ferð var mjög mikil lífsreynsla fyrir mig og afar þroskandi. Eftir að hafa orðið vitni að öllu þessu áttaði ég mig á hversu gott líf ég á hér heima og hvað fólk tekur öllu sem sjálfsögðum hlut.



Láttu gæði og góða reynslu ráða vali þínu á ofnhitastillum

Danfoss ofnhitastillar fyrir þig

Danfoss er leiðandi í framleiðslu ofnhitastilla

Danfoss hf

Skútuveg 8 Sími 510 4100

www.danfoss.is



Pórunn H. Sveinbjörnsdóttir og Þórleif Drífa Jónsdóttir á fundi með Ernu Einarsdóttur og Oddi Gunnarssyni hjá LSH um málefni spítalans

Landspítalinn í miklum vanda

Niðurskurður á Landspítala-háskóla-sjúkrahúsi hefur ekki farið fram hjá landsmönnum að undanfögnu. Stjórnendur sjúkrahússins hafa þegar tilkynnt um uppsagnir um 50 starfsmanna í þeim áfanga sem þegar hefur komið til framkvæmda. Mjög margir munu hætta vegna aldurs, eiga stutt í starfslok eða stefna á starfslok síðar á árinu. Það voru

nokkrir Eflingarfélagar sem hættu vegna aldurs og einhver störf tóku breytingum en engar uppsagnir voru sendar út um síðustu mánaðarmót.

Nú stefnir allt í það að starfsmenn í ræstingum fái tilkynningar um næstu mánaðarmót um breytt starfshlutföll og eða aðrar tilfærslur í starfi. Kynning meðal starfsmanna hefur ekki farið fram

en Efling-stéttarfélag mun fylgjast eins og kostur er með því hvernig framkvæmd verður á þessum uppsögnum.

Ljóst er að það er ríkisvaldið sem ber alfarið ábyrgð á þessum niðurskurði en starfsmenn sjúkrahússins og stéttarfélag þeirra hafa lagst eindregið gegn þessum niðurskurði. Hann sé óframkvæmanlegur.

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Heildarlausnir

Frá hugmynd
að fullunnu verki



HÉÐINN

Stórá 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Fyrirvaralaus uppsögn

Hafið samband samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.



Þykkvabæjar

forsóðnar
Skyndikartöflur

**FRÁBÆRAR
OG FLJÓTLEGAR**


Tilbúnar á örfáum mínútum
– brúnaðar, gratíneraðar, steiktar á pönnu,
brytjaðar í salat eða einfaldlega hitaðar í potti eða örbylgjuofni.

Leiðbeiningar á umbúðunum.

Þykkvabæjar
Alltaf góðar, allavega!



ALEX/SIA 9021800



Lausnarorð:

Nafn: _____ Vinnustaður: _____ Sími: _____

Heimili: _____ Kennitala: _____

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema **15.000,- krónum**.
Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sætún 1, 105 Reykjavík.
Svar þarf að berast fyrir 5. apríl nk.



Vinningshafi krossgátunnar

Jóna Fríða Gísladóttir


15.000.- krónum ríkari

Elín Baldursdóttir starfsmaður úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta afhendir Jónu Fríðu Gísladóttur, leiðbeinanda á

leikskólanum Ásborg, krossgátuvinninginn úr síðasta blaði.

Lausnarorðið var
GLEÐIBOÐSKAPUR

**Lausn síðustu
krossgátu**



Lausnarorðið var **GLEÐIBOÐSKAPUR**

**VIÐ HJÁ GÆÐAFÆÐI
ÚTBÚUM ALLAN
GRILLMAT FYRIR
FERÐALAGIÐ**



Sími 5773300 - Fax 5773303



Rekstur Lífeyrissjóðsins Framsýnar gekk vel á síðasta ári

Framúrskarandi ávöxtun og sterk staða

Séreignarsjóður með bestu ávöxtun á markaðnum

Ávöxtun Lífeyrissjóðsins Framsýnar á síðsta ári var framúrskarandi og með því besta sem gerðist meðal íslenskra lífeyrissjóða árið 2003. Nafnávöxtun samtryggingarsjóðs nam 17%, sem samsvarar tæplega 14% raunávöxtun og skýrist einkum af hagstæðu árferði á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum. Fimm ára árleg raunávöxtun er 4,6% og er einnig með því hæsta hjá innlendum sjóðum. Innlend hlutabréf í eigu sjóðsins skiluðu að meðaltali 40,1% raunávöxtun á síðasta ári og erlend bréf um 15,5% raunávöxtun.

Sterkari staða en hjá sambærilegum sjóðum

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt er Lífeyrissjóðurinn Framsýn einn fárra íslenskra lífeyrissjóða sem á fyrir skuldbindingum sínum. Sjóðurinn á nú um 1,8 milljarð króna umfram skuldbindingar. Sem kunnugt er hafa nokkrir sjóðir neyðst til að skerða réttindi sjóðfélaga sinna vegna slæmrar afkomu síð-

ustu þrjú ár. Umframeign Framsýnar nemur um 1,5% sem styrkir stöðu sjóðsins til að mæta skuldbindingum framtíðarinnar. Rekstrarkostnaður sjóðsins hélt áfram að lækka á síðasta ári í

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt er Lífeyrissjóðurinn Framsýn einn fárra íslenskra lífeyrissjóða sem á fyrir skuldbindingum sínum



samræmi við markmið stjórnenda þar um og var aðeins 0,16% af heildareignum, sem telst mjög góður árangur.

Ávöxtun séreignarsjóðs betri en dæmi eru um

Meðalávöxtun séreignarsjóðs var frábær enn eitt árið, sem er með því besta hjá séreignarsjóðum á innlendum fjármálamarkaði. Þessi árangur skýrist af

hækkun hlutabréfaverðs og markvissri fjárfestingarstefnu. Meðalraunávöxtun Framtíðarsýnar 1 var 23,9% og Framtíðarsýnar 2 var 19,1%. Séreignarsjóður óx mjög mikið á síðasta ári eða um alls 141,6%. Hrein eign sjóðsins hækkaði um 378 milljónir króna í 644 mkr. Rétthafar í séreignarsjóðnum voru orðnir 26.303 í árslok 2003.

Hrein eign samtryggingarsjóðs jókst verulega á síðasta ári eða um ríflega 10 milljarða og nemur nú alls um 63,4 milljörðum króna. Alls greiddu 30.529 sjóðfélagar og 2.834 fyrirtæki samtals 3.009 milljónir króna í iðgjöld til sjóðsins. Greiddur var lífeyrir til 9.282 einstaklinga að upphæð samtals um 2.082 milljónir króna. Í árslok áttu 139.025 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.

Vextir sjóðfélagalána lækkaðir í tvígang

Sjóðfélagavextir lækkuðu tvisvar á seinasta ári. Fyrst 1. mars, úr 6,2% í 5,8%, og síðan 10. nóvember 2003 í 5,4%. Hámarkslán til sjóðfélaga voru hækkuð úr 4 mill. í 6 milljónir.

Þann 1. febrúar sl. var reglum um fasteignaveð breytt og þau rýmkuð. Veðsetningarhlutfall var hækkað úr 60% af fasteignamati í 65% af fasteignamati viðkomandi eignar. Einnig er gefinn kostur á 55% sölumati löggilts fasteignasala samkvæmt nánari reglum.

Upplýsingar um starfsemi á árinu 2003

Meginniðurstöður ársreiknings

Álfar tölur eru í þúsundum króna

Efnahagsreikningur	Samtryggingarsjóður		Sérreignarsjóður	
	31.12.2003	31.12.2002	31.12.2003	31.12.2002
Verðtekt með breytilegum tekjum	22.804.177	15.318.467	159.372	66.821
Verðtekt með fastum tekjum	30.198.070	27.483.799	455.989	184.421
Valdán	8.495.935	8.906.597	0	0
Bankareistibætur	723.892	560.086	0	0
Höfnun og látt	213.448	217.639	0	0
Skófur	625.457	423.863	27.110	13.205
Ákæð	362.303	354.887	1583	2.076
Eignir	63.621.502	53.465.138	644.054	266.523
Skuldb.	-142.823	-58.295	0	0
Hrein eign til greiðslu lífeyris	63.478.679	53.406.843	644.054	266.523
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris				
Utgjöld	3.006.804	2.901.540	283.219	135.972
Lífeyri	-2.092.860	-1.951.352	-3741	-1.141
Fjárfestingatekjur	9.302.813	542.288	102.033	18.153
Fjárfestingagjöld	-51.975	-39.563	-301	-53
Reisubætur áskilnaða	-117.208	-111.030	-3658	-1.800
Aðrar tekjur	22.262	23.193	0	0
Misreikningar	0	0	0	0
Hækkun á hreinni eign á árinu	10.071.826	1.365.077	377.331	171.131
Hrein eign frá fyrra ári	53.406.843	52.041.766	266.523	95.392
Hrein eign til greiðslu lífeyris	63.478.679	53.406.843	644.054	266.523
Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings				
Eignir umfram áskilnað skuldbindingar	9.245.000	4.446.000		
Í hlutfelli af áskilnað skuldbindingum	15,4%	8,1%		
Eignir umfram heildarskuldbindingar	1.821.000	-2.234.000		
Í hlutfelli af heildarskuldbindingum	1,5%	-2,0%		
Kennitalur				
Hrein reusvæðing	13,90%	-1,19%	20,85%	7,29%
Misfáltað freistar reusvæðingar vgl. 5 ár	4,09%	3,57%		
Misfáltað freistar reusvæðingar frá skilríkissjóðsins	5,88%	4,78%	8,62%	4,83%
Eignir í hl., kr.	83,0%	87,3%	91,3%	94,1%
Eignir í evr., gjaldmiðli	17,0%	12,7%	8,7%	5,9%
Fjöldi verkis sjóðsliða	17.031	16.716	26.353	16.388
Fjöldi lífeyrisþega	9.282	8.991	18	7
Reisubætur í hlutfelli af eignum	0,16%	0,17%	0	0

ÁVÖXTUN SJÓÐSINS

Ávöxtun samtryggingarsjóðsins var 17,0% eða sem sýnir 13,9% reusvæðing og hækkar hrein eign sjóðsins um 16,9% á milli ára. Hrein eign sérreignarsjóðsins hákkadi um meira eða 141,6% og var meðalávöxtun beggja deildanna 24,14% eða 20,85% reusvæðing. Góð ávöxtun sjóðsins sýnir af góðum hækkingum á hlífðarhlífsemi þeirra.

LÍFEYRISSKULDBINDINGAR

Í tryggingafræði legi úttökt á sjóðnum kemur fram af sjóðnum á kr. 1.821 milljónir eða 1,5% umfram heildarskuldbindingar í árslok 2003.

ÞJÓGJÓLD

Allt greidda 50.529 sjóðsliðar lögðar til sjóðsins á árinu 2003 eða 2,1% færri en á árinu 2002. 2.854 atvinnuskuldb. greiddu útgjöld á árinu og táknaði þeim frá árinu 2002 um 8. Í árslok voru 139.025 sjóðsliðar með í reingildum sjóðnum.

LÍFEYRIR

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins hákkadu um 6,7% á síðastliðna ári og námu árs 2.082 milljónum króna. Skipting lífeyris var eftirfarandi:

	Upphæf:	Fjöldi:
Eldilífeyri	1.513.912.912,-	6.164
Örnkalífeyri	601.698.926,-	2.286
Misfáltað	127.214.926,-	1.088
Barnalífeyri	39.438.239,-	635
Samtals	2.082.265.003,-	10.173

ÁRSFUNDUR 2004

Árshóstið sjóðsins verður haldið á Grand Hótel Reykjavíkur þriðjudaginn 27. apríl nk. kl. 17.00. Dagshósti fundarinn verður síðar auglýst síðan.

Í stjórnum Lífeyrissjóðsins Framsýnar 31.12.2003 voru:

Arí Eðvald, forseti	Sigurður Benediktsson, varaforseti
Guðmundur Þ. Jónsson	Halgi Magnússon
Hjörleifur B. Kvaran	Jón Guðbrand Pétursson
Sigurður E. Sigurðsson	Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Bjarni Brynjólfsson

LÍFEYRISSJÓÐURINN
FRAMSÝN





Minni sveiflur – fleiri gæðastundir

Í greiðsluþjónustu getur þú nýtt þér greiðsludreifingu og jafnað útgjöldum heimilisins á alla mánuði ársins. Þar með heyrast erfiðu mánuðirnir sögunni til. Þú getur jafnvel skipulagt fjármálin þannig að einn mánuði á ári, t.d. sumarleyfismánuðinn, þurfi enga reikninga að greiða, og uppskorið með því enn ánægjulegra sumarfrí. Kynntu þér málið.

TILBOÐ

Fyrsta árið í greiðsludreifingu er gjaldfrjálst – ekkert árgjald.